

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2007/EES/7/01		Beiðni Héraðsdóms Óslóar (Oslo Tingrett) um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins samkvæmt úrskurði héraðsdómsins frá 30. janúar 2006 í málinu <i>Ladbrokes Ltd. v Staten v/ Kultur- og kirkedepartementet og Staten v/ Landbruks- og matdepartementet</i> (Mál E-3/06)	1
2007/EES/7/02		Beiðni Borgarting Lagmannsrett um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins samkvæmt úrskurði fyrrnefnda dómstólsins frá 9. október 2006 í málinu <i>KLM Royal Dutch Airlines v Staten v/Finansdepartementet</i> (Mál E-4/06)	2
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2007/EES/7/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4528 – GSW/MVV/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	3
2007/EES/7/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4549 – ABN Amro/Allianz/Sdu) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2007/EES/7/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4559 – Balfour Beatty/Galaxy/Exeter Airport) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2007/EES/7/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4573 – Candover/Parques Reunidos) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6

2007/EES/7/07	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4489 – 3i/Countrywide)	7
2007/EES/7/08	Ríkisaðstoð – Austurríki – Málsnúmer C 56/06 (áður NN 77/06) – Einkavæðing fyrirtækisins Bank Burgenland AG – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	7
2007/EES/7/09	P-Lissabon: Áætlunarflug – Auglýsing stjórnvalda í Portúgal um útboð samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Funchal og Porto Santo.	8
2007/EES/7/10	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.	9

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni Héraðsdóms Óslóar (Oslo Tingrett) um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins samkvæmt úrskurði héraðsdómsins frá 30. janúar 2006 í málinu *Ladbrokes Ltd. v Staten v/ Kultur- og kirkedepartementet og Staten v/ Landbruks- og matdepartementet* (Mál E-3/06) **2007/EES/7/01**

Samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Óslóar (*Oslo Tingrett*) frá 30. janúar 2006 hefur EFTA-dómstólnum verið send beiðni, sem barst málaskrá dómstólsins 25. ágúst 2006, um ráðgefandi álit í málinu *Ladbrokes Ltd. gegn menningar- og kirkjumálaráðuneytinu (Kultur- og kirkedepartementet)* fyrir hönd norska ríkisins og landbúnaðar- og matvælaráðuneytinu (*Landbruks- og matdepartementet*) fyrir hönd norska ríkisins að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Standa ákvæði 31. og/eða 36. gr. EES-samningsins í vegi fyrir því að ákveðið sé í landslögum að tiltekna tegundir fjárhættuspils megi eingöngu vera í höndum spilafyrirtækis í eigu ríkisins sem lætur hagnað af rekstrinum renna til menningar- og íþróttamála?
2. Standa ákvæði 31. og/eða 36. gr. EES-samningsins í vegi fyrir því að ákveðið sé í landslögum að leyfi til að reka veðhlaupaþjónustu í tengslum við hestakappreiðar megi eingöngu veita stofnunum eða fyrirtækjum sem hafa það markmið að styrkja hrossarækt og eru ekki rekin með hagnaðarvon í huga?
3. Standa ákvæði 31. og/eða 36. gr. EES-samningsins í vegi fyrir því að ákveðið sé í landslögum að leyfi til rekstrar tiltekinnar tegunda fjárhættuspils megi eingöngu veita stofnunum og félögum sem sinna mannúðar- eða félagsmálum og eru ekki rekin með hagnaðarvon í huga?
4. Samræmist það EES-rétti að leggja til grundvallar í landslögum að hagnaður af fjárhættuspili skuli renna til mannúðar- og félagsmála (m.a. íþróttar og menningarmála) og megi ekki vera hagnaðaruppspretta einkaaðila?
5. Standa ákvæði 36. gr. EES-samningsins í vegi fyrir því að sett sé í landslög ákvæði sem bannar rekstur og sölu fjárhættuspila sem eru ekki leyfð í Noregi en rekin eru löglega í öðru EES-ríki?

**Beiðni Borgarting Lagmannsrett um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins samkvæmt 2007/EES/7/02
úrskurði fyrrnefnda dómstólsins frá 9. október 2006 í málinu *KLM Royal Dutch
Airlines v Staten v/Finansdepartementet***

(Mál E-4/06)

Samkvæmt úrskurði áfrýjunardómstóls Borgarþings (*Borgarting Lagmannsrett*) frá 9. október 2006 hefur EFTA-dómstólum verið send beiðni, sem barst málaskrá dómstólsins 16. október 2006, um ráðgefandi álit í málinu *KLM Royal Dutch Airlines v Staten v/Finansdepartementet* (fjármálaráðuneytinu fyrir hönd norska ríkisins) að því er varðar eftirtalið:

1. Hvaða lagagrundvöllur og hvaða nauðsynleg skilyrði liggja til grundvallar kröfu um endurgreiðslu skatta sem aðildarríki hefur innheimt í bága við ákvæði EES-samningsins?

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/7/03

(Mál COMP/M.4528 – GSW/MVV/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. febrúar 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin MVV Energie AG („MVV“), sem er undir yfirlýðingum Mannheimborgar í Þýskalandi, og GSW Gemeinnützige Siedlungs- und Wohnungsbaugesellschaft Berlin mbH („GSW“), sem er undir yfirlýðingum bandarísku fyrirtækjanna The Goldman Sachs Group, Inc. („Goldman Sachs“) og Cerberus Group („Cerberus“) í sameiningu, öðlast með verðbréfa kaupum í sameiningu yfirlýðing í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu WGB Wärme GmbH & Co. KG („WGB“) sem var áður að fullu undir yfirlýðingum GSW.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GSW: útleiga og rekstur fasteigna
 - Goldman Sachs: fjárfestingabankastarfsemi
 - Cerberus: fjárfestingar í fasteignum og verðbréfum í ýmsum atvinnugreinum um allan heim
 - MVV: framleiðsla og dreifing á raforku, hita, gasi og vatni
 - Mannheimborg: starfsemi sveitarfélags, útleiga og rekstur fasteigna
 - WGB: verktökuvinna við framkvæmdir og rekstur á sviði orkuveitu og þjónusta á sviði fasteignarekstrar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 32, 14. febrúar 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4528 – GSW/MVV/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4549 – ABN Amro/Allianz/Sdu)

2007/EES/7/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. janúar 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið ABN AMRO Capital BO Funds BV („AAC“), sem tilheyrir ABN Amro-samstæðunni, og þýska fyrirtækið Allianz Capital Partners GmbH („ACP“), sem er undir yfirlýðum Allianz-samstæðunnar, öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirlýð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir hollenska fyrirtækinu Sdu NV.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AAC: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - ABN Amro: fjármálaþjónusta
 - ACP: verðbréfafjárfestingar
 - Allianz: tryggingar, eignastýring og bankastarfsemi
 - Sdu: útgáfa tímarita og annars efnis fyrir fyrirtæki og stofnanir, námskeiða- og ráðstefnuskipulagning og vönduð persónuskilríki
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 30, 10. febrúar 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4549 – ABN Amro/Allianz/Sdu, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2007/EES/7/05****(Mál COMP/M.4559 – Balfour Beatty/Galaxy/Exeter Airport)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. febrúar 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Balfour Beatty plc („Balfour Beatty“), sem tilheyrir Balfour Beatty-samstæðunni, og lúxemborgska fyrirtækið Galaxy sàrl, sem er undir yfirráðum Caisse des dépôts et consignations og Cassa Depositi e Prestiti SpA, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar yfir breska fyrirtækinu Exeter and Devon Airport Limited („EDAL“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Balfour Beatty: byggingastarfsemi, mannvirkjagerð og eignastýring
 - Galaxy: hlutabréfasjóður á sviði flutninga- og byggingafyrirtækja
 - EDAL: eigandi og rekandi Exeter International Airport
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 31, 13. febrúar 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4559 – Balfour Beatty/Galaxy/Exeter Airport, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4573 – Candover/Parques Reunidos)**

2007/EES/7/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. febrúar 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Candover Partners Limited („Candover“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir spænska fyrirtækinu Parques Reunidos SA í gegnum nýstofnaða spænska fyrirtækið Desarrollos Empresariales Biarritz SL.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Candover: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - Parques Reunidos: rekstur skemmtigarða
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 31, 13. febrúar 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4573 – Candover/Parques Reunidos, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4489 – 3i/Countrywide)**

2007/EES/7/07

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna barst 4. janúar 2007 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækjanna 3i Group plc og Countrywide plc. Tilkynnendur afturkölluðu tilkynninguna 5. febrúar 2007.

Ríkisaðstoð – Austurríki

2007/EES/7/08

Málsnúmer C 56/06 (áður NN 77/06) – Einkavæðing fyrirtækisins Bank Burgenland AG

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna ofangreindrar ríkisaðstoðar, sjá [Stjtið. ESB C 28, 8.2.2007](#).

Framkvæmdastjórnin veitir aðilum EES-samningsins og öðrum, sem hagsmuna eiga að gæta, eins mánaðar frest frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum ESB til að leggja fram athugasemdir við umrædda ráðstöfun og skal senda þær á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate State Aid II
State Aid Greffe
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 (0) 22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Austurríki. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

P-Lissabon: Áætlunarflug**2007/EES/7/09****Auglýsing stjórnvalda í Portúgal um útboð samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 vegna áætlunarflugs milli Funchal og Porto Santo**

Stjórnvöld í Portúgal hafa ákveðið að breyta ákvæðum um almannajónustukvaðir sem lagðar hafa verið á í tengslum við áætlunarflug milli Funchal og Porto Santo á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.

Hafi enginn flugrekandi hafið eða sé um það bil að hefja áætlunarflug á þessari leið hinn 4. apríl 2007, í samræmi við áhvilandi almannajónustukvaðir og án þess að fara fram á fjárstyrk, munu stjórnvöld í Portúgal takmarka flugrekstur á leiðinni við einn flugrekanda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og bjóða út í almennu útboði heimild til að halda úti slíku flugi frá 14. ágúst 2007.

Útboðsgögnin í heild, m.a. sérreglur sem gilda um útboðið, kosta 100 evrur og fást hjá umsjónaraðila útboðsins: Instituto Nacional de Aviação Civil, Rua B, Edifícios 4, 5 e 6, Aeroporto da Portela 4, P-1749-034 Lisboa.

Tilboð skulu lögð fram eigi síðar en kl. 17.00 á þriðugasta degi eftir að útboðsauglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 25, 3.2.2007).

Tilboð skulu afhent gegn kvittun í höfuðstöðvum Instituto Nacional de Aviação Civil, Rua B, Edifícios 4,5, e 6, Aeroporto da Portela 4, P-1749-034 Lisboa, milli kl. 9:00 og 17:00, eða send í ábyrgðarpósti fyrir ofangreindan tíma.

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 25, 3.2.2007](#).

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (¹)

2007/EES/7/10

(Tilkynning um umsókn um einkanytjaleyfi til að leita að olíu og gasi sem fengið hefur nafnið „Permis des Ardennes“)

Fyrirtækið Thermopyles SAS, skráð að 190, rue de Fontenay, 94300 Vincennes (Frakklandi), hefur með umsókn frá 26. júní 2006 farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem fengið hefur nafnið „Permis des Ardennes“, til að leita að olíu og gasi á svæði sem er hér um bil 2 803 km² og liggur í sýslunni Ardennes.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mætast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núllengdarbaugi sem liggur í gegnum París.

Hornpunktar	Lengd	Breidd
A	3,00 gráður A	55,30 gráður A
B	2,20 gráður A	55,30 gráður A
C	2,20 gráður A	55,20 gráður A
D	2,10 gráður A	55,20 gráður A
E	2,10 gráður A	55,10 gráður A
F	2,00 gráður A	55,10 gráður A
G	2,00 gráður A	54,90 gráður A
H	2,30 gráður A	54,90 gráður A
I	2,30 gráður A	54,80 gráður A
J	2,90 gráður A	54,80 gráður A
K	2,90 gráður A	54,90 gráður A
L	3,00 gráður A	54,90 gráður A

Tilhögun umsókna

Upphaflegur umsækjandi og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 3., 4. og 5. gr. tilskipunar 95-427 frá 19. apríl 1995 um námaréttindi, með áorðnum breytingum.

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um sérleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 28, 8.2.2007, bls. 25), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 95-427 frá 19. apríl 1995 um námaréttindi, með áorðnum breytingum (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin) 22. apríl 1995).

Umsóknunum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthöfund. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og aðrar umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst frönskum stjórnvöldum, þ.e. eigi síðar en 26. júní 2008.

(¹) Stjtið. EB L 164, 30.6.1994.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum og á tilskipun 2006-649 frá 2. júní 2006 um námaréttindi, geymslu efna neðanjarðar og eftirlit á því sviði (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Nánari upplýsingar fást í efnahags-, fjármála- og iðnaðarráðuneytinu í Frakklandi: Ministère de l'économie, des finances et de l'industrie (direction générale de l'énergie et des matières premières, direction des ressources énergétiques et minérales, bureau de la législation minière), 61, boulevard Vincent Auriol, Télédoc 133, F-75703 Paris Cedex 13, France (sími +33 (0)1 44 97 23 02, bréfasími +33 (0)1 44 97 05 70).

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á eftirfarandi slóð:

<http://www.legifrance.gouv.fr>